

Nr. 19-019 S 015 Stakkhamar SH 220**Vélarvana og strandar**

Skipaskr.nr. 2902
Smíðaður: Siglufjörður 2015, plast
Stærð: 29,69 bt
Mesta lengd: 14,46 m Skráð lengd: 14,96 m
Breidd: 4,58 m Dýpt: 2,0 m
Vél: Yanmar 368 kW 2014
Fjöldi skipverja: 4



Stakkhamar©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 1. nóvember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 16. febrúar 2019 var Stakkhamar SH 220 að koma til hafnar á Rífi. Veður: Logn.

Á siglingunni varð báturinn vélarvana og strandaði fyrir utan höfnina. Skipverjum tókst að gangsetja vélina, losa bátinn og sigla til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að í ljós kom að gúmmíkítti hafði losnað úr olútanknum og stíflað fæðiolíulögnina að vél;
- að gúmmíkíttið var notað sem þéttiefni fyrir mannopið á olútanknum;
- að breyting var gerð á fæðiolíulögninni eftir atvikið þannig að hægt væri að skipta á milli olíusía;
- að engar skemmdir urðu á bátnum við strandið.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.